

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Bewi Eps ehf.
kt. 580121-1600

Starfsstöð: Bewi Eps Djúpavogi, Víkurlandi 6a, 765 Djúpavogi
Fastanúmer: 251-4373

Leyfið gildir frá 20. maí 2022 til 20. maí 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Framleiðslu á matvælaumbúðum úr frauðplasti**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., matvælalaga nr. 93/1995 m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Bewi Eps ehf., kt. 580121-1600

Starfsstöð: Víkurlandi 6a, 765 Djúpavogi

Fastanúmer: 251-4373

Leyfið gildir frá 20. maí 2022 til 20. maí 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Framleiðsla á matvælaumbúðum úr frauðplasti**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 30. mars 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Verksmiðja

Um er að ræða verksmiðju sem þar sem framleiðsla fer fram á umbúðum úr frauðplasti. Verksmiðjuhúsið er um 2.700 m². Sjö rafdrifnar mótunarvélar eru í verksmiðjunni.

1.1.1 Gufuframleiðsla

Gufuframleiðsla er drifin með 2,7 mW rafskautakatli.

1.1.2. Kæling

Framleiðsluvélar eru kældar með ferskvatni. Kælivatninu er hringdælt og það kælt niður með sjóvatni í gegn um varmaskipti. Sá varmi er einnig nýttur til upphitunar á kælivatni fyrir gufuketil, húshitunar og snjóbræðslu á bílaplani. Reiknað er með að sjór allt að 30°C heitur, u.þ.b. 110 m³/klst skili sér til sjávar aftur.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

1.2. Framleiðsla á matvælasnertiefnum

Í verksmiðjunni eru framleiddar umbúðir fyrir matvæli, aðallega lax en einnig fyrir hvítiskflök.

Framleiða skal efni og hluti í samræmi við góða framleiðsluhætti, þannig að efnisþættir þeirra berist ekki frá þeim við eðlileg og fyrirsjáanleg notkunarskilyrði yfir í matvæli í því magni sem gæti: a) stofnað heilbrigði manna í hættu eða b) haft í för með sér óviðunandi breytingu á samsetningu matvæla eða c) spillt skynmatseinkennum þeirra.

Fyrir hendi skal vera skriflega yfirlýsing um að matvælasnertiefnið eða -hluturinn úr plasti, vörur á millistigum framleiðsluferilsins og efni sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efnum og hlutum uppfylli skilyrði gildandi reglugerða. Rekstraraðili þarf að gefa út og hafa tiltæka slíka yfirlýsingu um samræmi og afhenda með vöru þegar hún er afhent/seld. Slík samræmisyfirlýsing þarf einnig að vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Efni sem nota á við að framleiða plastefni þurfa að standast kröfur um flæðumörk úr reglugerð ESB nr. 10/2011.

Rekjanleiki matvælasnertiefna skal tryggður.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1935/2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli,*
- *Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli*
- *Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

Allt frárennsli frá starfseminni verður síað áður en það fer í gegnum olíuskilju, öll niðurföll í vinnslunni eru útbúin með síubúnaði til að koma í veg fyrir að plastefni berist frá framleiðslunni. Öll niðurföll eru síðan tengd við olíuskilju með viðvörunarbúnaði.

Olíuskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær eða plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olíuskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.

Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Allt eftirlit og þjónusta á mengunarvarnabúnaði skal skráð í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslivatni úr olíuskiljum.

Sýnataka af fráveituvatni frá olíuskilju

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olíuskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni olíuskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

2.3. Loft, ryk og hávaði

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að hávaði, ryk, lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

3. Skráningar og innra eftirlit

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfsemi sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Prófanir á sjálfvirkum búnaði

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Tæknilegar upplýsingar um olíu- og sandskiljur skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

4. Annað sem varðar starfsemina

Fráveita

Afrennslis frá starfstöðinni er leitt í fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Bifreiðum, tækjum, lausamunum og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði starfstöðvar þannig að ekki valdi slyshættu.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á lóð.

Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

20. maí 2022
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir,
Heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

20. maí 2022

Bewi Eps
Víkurlandi 6a
765 Djúpavogi

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir framleiðslu á matvælaumbúðum úr frauðplasti

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir framleiðslu á matvælaumbúðum úr frauðplasti skv. umsókn dags 30. mars 2022 og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2022 m.s.br. er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	27.650
Árlegt eftirlitsgjald			27.650 kr.

Starfsleyfisgjald er 26.500 kr. samkvæmt áður nefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar
Austurlands

Ólöf Vilbergsdóttir

Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi